

MINNISBLAÐ

EFNI: AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

VERKNR:

SA118

DAGS: 07.11.2018

Fundur í stýrihóp aðalskipulags, haldinn í Árnosi kl. 11:30 – 13:30.

Mætt voru: Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer A. Tómasson, Matthías Bjarnason, Elvar Már Svansson, Ingvar Hjálmarsson, Einar Bjarnason, Gísli Gíslason og Guðrún Lára Sveinsdóttir.

1 EFNISTÖK

YFIRBRAGÐ BYGGÐAR

Settur var inn texti um ásæknar plöntutegundir í kafla 2.1 í greinargerð.

FRÍSTUNDBYGGÐ

Rætt var um tvö fristundasvæði, Sæluvelli, F27 sem stækkar nokkuð, og nýtt svæði F47 sem var áður hluti af F23. Vegna nýs verslunar- og þjónustusvæðis í Stóra-Hofi var svæði F23 skipt í tvennt ofan og neðan Þjórsárdalsvegur og því fær svæði ofan vegar nýtt númer.

BYGGINGARHEIMILDIR Á LANDBÚNAÐARLANDI

Farið var yfir töflu yfir byggingarheimildir á landbúnaðarlandi.

VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Rætt var um nokkur svæði og farið yfir texta í greinargerð:

Vp21 – Reykholt við Þjórsárdalsveg

Vp22 – Skeljastaðir, ákveðið að halda þessu svæði inni.

Vp23 – Hólaskógur

Vp24 – Stóra-Hof

Vp25 – Rauðholt. Samkvæmt símtali við Bjarna Jón verður þetta svæði ekki sett inn.

AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

Sett hefur verið inn nýtt svæði við Þjófafoss í tengslum við gönguleið og göngubrú yfir Þjórsá.

IÐNAÐARSVÆÐI

I14 – Þjórsárholt, sett hefur verið inn nýtt svæði vegna borholu.

STAKAR FRAMKVÆMDIR

Farið var yfir texta varðandi stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi, ótengd búrekstri.

EFNISTAKA

Rætt var um breytta afmörkun á efnistökusvæði austan Búrfells, svæðið hefur verið stækkað og texta hefur verið breytt. Sett verður inn áætlað efnismagn.

ÞÉTTBÝLI

Rætt var um nýtingarhlutfall íbúðarlóða, nýtt íbúðarsvæði ÍB10 og nýtt verslunar- og þjónustusvæði, VP14.

HÁLENDI

Rætt var um vegi á hálendinu og vegi frá Hallarmúla að Sultarfit gefið nafnið Ísahryggur.

ÖNNUR MÁL - AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

Auglýstar hafa verið aðalskipulagsbreytingar vegna íbúðarsvæða í Áshildarmýri, Kálfhóli og Sandholti, athugasemdafrestur er til 30. nóvember 2018.

2 *NÆSTU SKREF*

Gengið verður frá skipulagsgögnum og þau send til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu og að hún verði send Skipulagsstofnun til athugunar og óskað heimildar til að auglýsa tillöguna. Skipulagsstofnun hefur samkvæmt lögum 4 vikur, frá því tillagan berst henni, til að yfirfara gögnin.

Tekið saman á Hellu 09. nóvember 2018.

Guðrún Lára Sveinsdóttir / Gísli Gíslason